

1

Öryggi barna í bíl

Upplýsingar og tilmæli

Mikilvægt að hafa í huga:

1. Börn skulu snúa baki í akstursstefnu að lágmarki fram til 15 mánaða aldurs og 76 cm. Mælt er þó með að börn snúi gegn akstursstefnu mun lengur þar sem sú staða ver höfuð og háls barnsins mun betur.
2. Barn lægra en 150 cm á hæð má ekki sitja í framsæti gegnt virkum öryggispúða.
3. Barn lægra en 135 cm á hæð skal ávallt vera í öryggis- og verndarbúnaði sem hæfir hæð þess og þyngd. Öryggisbelti eitt og sér er ekki viðurkenndur búnaður fyrir barnið.
4. Höfuð barnsins má aldrei ná upp fyrir brún stólsins.
5. Bílbelti má ekki vera snúið og það þarf að falla vel að líkama barnsins. Aldrei má setja belt fyrir aftan bak eða undir handlegg.
6. Öryggisbúnaður verður að henta barni og bíl. Ráðlagt er að leita í sérhæfða verslun og hafa helst barnið með til að máta stólinn. Til að stóll hæfi bíl og sé rétt festur er mælt með að fylgja leiðbeiningum frá framleiðanda stólsins og handbók bílsins.
7. Endingartími flestra barnabílstóla er 10 ár en unbarnabílstólar endast þó yfirleitt aðeins í 5 ár. Framleiðsluár stólsins kemur yfirleitt fram á botni stólsins. Ef notaður bílstóll er keyptur eða fenginn að láni er mikilvægt að ganga úr skugga um að stóllinn hafi ekki orðið fyrir skemmdum eða hnjaski.
8. Nýir stólar þurfa að uppfylla Evrópustaðal R129 (i-size). Eldri stóla, sem þegar eru í notkun og uppfylla eldri Evrópustaðal, er leyfilegt að nota þar til endingartími þeirra er liðinn.

Þarf að uppfylla Evrópustaðal

Barnabílstólar í notkun á Íslandi þurfa að uppfylla Evrópu-
staðal, annaðhvort skv. reglugerð R44/04 eða reglugerð R129
(i-size). R129 er nýrri og öruggari staðall og er sá eini sem má
selja á Íslandi. R44/04 er eldri staðallinn og einhverjir stólar
sem þegar eru í umferð eru skv. þeim staðli og má nota þá stóla
þar til endingartíma þeirra lýkur.



Öryggi barna í bíl

2



Nánari upplýsingar

Helstu nýjungar með R129 eru eftirfarandi:

- Mun betri mæling og greining á höggi við árekstur*
- Stólar eru nú prófaðir gagnvart hliðarárekstri sem ekki var skylda skv. R44/04
- Allir ungbarnastólar eru nú með ISOFIX búnaði sem festir stólinn örugglega í bílinn og dregur því úr líkum á rangri festingu stóls í bíl.
- Börn þurfa nú að snúa baki í akstursstefnu að lágmarki fram til 15 mánaða aldurs og 76cm. Mælt er þó með að börn snúi gegn akstursstefnu mun lengur.
- Stólar eru nú flokkaðir eftir hæð barna í stað eingöngu þyngdar áður. Þó eru R129 stólar með hámarksþyngd barna sem fara þarf eftir.

* Stólar eru nú prófaðir með Q-brúðu með 32 nemum sem nema hreyfingar fram, aftur og til hliðar í stað P-brúðu áður með fjórum nemum sem einungis námu hreyfingar fram og aftur

Hversvegna bakvísandi stólar?

Bakvísandi stólar eru börnum mun öruggari en framvísandi stólar. Í flestum umferðarslysum kemur högg framan á bifreið sem þýðir að í bakvísandi stólum leggst höfuð barnsins aftur í stólinn. Í framvísandi stólum kastast hinsvegar höfuð og líkami barnsins fram. Ekkert heldur við barnið nema beltin sem grípa líkamann ansi vel en höfuð og háls barnsins eru tiltölulega óvarin í framvísandi stól borið saman við bakvísandi.

Reglugerð:

Nánari upplýsingar má finna í [Reglugerð um notkun öryggis- og verndarbúnaðar í ökutækjum](#) á heimasíðu Samgöngustofu undir liðnum lög og reglur.



Samanburður á fram- og bakvísandi barnabílstólum



Framvísandi

Í hefðbundnum framvísandi barnabílstólum er börnum hættara við meiðslum þegar framanákeyrsla á sér stað. Meiri líkur eru á háls- og heilaskaða þegar barnið kastast fram.



Bakvísandi

Bakvísandi barnabílstólar vernda barnið betur þegar framanákeyrsla á sér stað. Þeir vernda mun betur höfuð, háls og hrygg barnsins þar sem höggþunginn dreifist á stólinn.